



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 11. maí 2018
R18050084

Borgarráð

U-reitur - bráðabirgðabílastæði fyrir Landspítalann.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki hjálagðan afnotasamning af borgarlandi undir bílastæði fyrir starfsfólks Landspítalans á U-reit.

Greinargerð: Vegna framkvæmda á lóð Landspítalans hefur lausum bílastæðum á lóð Landspítalans fækkað. Landspítalinn er heimilað að gera stæði á svokölluðum U-reit þar sem nú er gras norðan við Umferðarmiðstöðina og ber af því allan kostnað. Hægt er að segja upp samningi krefjist framkvæmdir á U-reit þess að svæðið verði laust til afnota vegna uppbyggingar.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:
Afnotasamningur um stæði á U-reit.
Umsókn um bifreiðastæði ásamt yfirlitskortum

AFNOTASAMNINGUR UM STÆÐI Á U-REIT

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs kt. 570480-0149 og Nýr Landspítali ohf. kt. 500810-0410, (NLSH) gera með sér svofelldan afnotasamning um borgarland sem afmarkað er í meðfylgjandi fylgiskjali sem umsókn um afnotaleyfi á borgarlandi frá 20. febrúar 2018. Er umrætt fylgiskjal hluti afnotasamnings þessa.

Fyrsta grein - Frágangur stæða

NLSH tekur að sér að fullgera bílastæði sem verða sett til bráðabirgða á borgarland eins og sýnt er í fylgiskjali á bls. 4 og 5 og í formi teikninga á bls. 7-12 í fylgiskjali. Frágangur er hefðbundinn eins og um framtíðarstæði er að ræða með jarðvegsskiptum, malbikun, kantsteinum, miðeyjum, niðurföllum, hellulögðum gangstéttum og lýsingu. Gengið verður frá yfirborði umhverfis svæðið með grasþökum. Ekki er greitt fyrir afnot þessi.

Önnur grein – Framkvæmdatími

NLSH mun bjóða verkið út með öðrum verkaföngum í GVL útboði Hringbrautarverkefnisins. Útboðið verður opnað í júní 2018. Stefnt er að því að verkframkvæmdir hefjist norðan BSÍ í júlí og ljúki á austurhluta í lok nóvember 2018 (sjá hér bls. 4 og 5 í fylgiskjali og teikningar á bls. 7-12) og þá verði strax hægt að nýta þau 87 stæði sem þar eru. Áætlað er að vestursvæðið verði tilbúið 18. ágúst 2018 til notkunar, þar eru 150 stæði. Reiknað er með að hægt verði að nota núverandi bílastæði á vestursvæði fram til 10. júlí, síðan taki nýtt bílastæði við rúmum mánuði síðar.

Priðja grein - Aðgangsstýring og gjaldskylda stæða

Gert er ráð fyrir að stæðin verði aðgangsstýrð með slá eða á sambærilegan hátt. Einnig kemur til greina að stæði á vestursvæði verði á gjaldsvæði 4 eða 3 skv. nánari yfirferð m.a. með Bílastæðasjóð Reykjavíkurborgar og hagsmunaaðilum þ.e. NLSH, HÍ og VHÍ. Allir sem eiga leið um þetta svæðið hafa aðgang að stæðunum verði gjaldskylda tekin upp. Ekki verður heimilt að leggja á bílastæðunum lengur en 24 klst. og skulu stæðin vera merkt á þann hátt. Rekstur stæðanna verður á höndum NLSH. NLSH getur með sérstökum framleigusamningi við Umferðarmiðstöð/Kynnisferðir, heimilað þeim aðilum að nýta hluta umræddra stæða á öðrum kjörum en í samningi þessum greinir.

Fjórdja grein - Kostnaður við uppsetningu bílastæða

NLSH greiðir allan kostnað sem hlýst af gerð stæðanna og skuldbindur sig til þess að koma svæðinu í upprunalegt ástand þegar notkun stæðanna lýkur. Verði stæðin notuð áfram eftir að notkun NLSH lýkur, þarf NLSH ekki að fjarlægja stæðin.

Fimmta grein – Endurskoðun og rýni samnings

Samningsaðilar skulu árlega, fyrst ári eftir gildistöku hans, rýna samninginn m.t.t. framvindu verkefnis NLHS á Hringbrautarsvæðinu, starfsemi á U-reit og notkunar hagsmunaaðila þ.e. LSH, HÍ og VHÍ á stæðunum. NLSH eða rekstraraðili stæðanna skal leggja fram yfirlit yfir notkun stæðanna.

Sjötta grein - Tímalengd samnings

Afnotatími þessi er bundinn til 2023 og framlengist hann um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp innan þriggja mánaða fyrirvara fyrir lok hvers afnota tímabils. Þó er hægt að segja samningi þessum upp fyrr en árið 2023 ef það þarf að hefja framkvæmdir á U-reit í tengslum við uppbyggingu og sölu byggingarréttar á reitnum þegar nýtt deiliskipulag fyrir reitinn hefur tekið gildi. Í því tilviki er uppsagnarfrestur eitt ár.

Sjöunda grein – Samningseintök

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Samningur þessi er staðfestur í borgarráði þann xx

Reykjavík XX.05.2018

fh. NLSH ohf

fh. Reykjavíkurborgar

NÝR LANDSPÍTALI VIÐ HRINGBRAUT

Umsókn um afnotaleyfi af borgarlandi fyrir
bráðabirgðabílastæði við Vatnsmýrarveg

20. febrúar 2018

Efnisyfirlit

1	Almennt.....	1-3
1.1	Meðfylgjandi gögn.....	1-4
1.2	Stutt yfirlit yfir svæði vegna bráðabirgðabílastæða.....	1-4
1.2.1	Svæði við Vatnsmýrarveg, norðan við BSÍ.....	1-4
1.3	Stýring bílastæða.....	1-6
1.4	Fylgiskjöl.....	1-6

1 Almennt

Nýr Landspítali ohf. óskar eftir tímabundnum afnotum af landi Reykjavíkurborgar undir bráðabirgðabílastæði vegna framkvæmda við Nýja Landspítalann (NLSH).

Umsækjandi: Nýr Landspítali ohf.
Kt. 500810 0410
Skúlagötu 21, 101 Reykjavík
Sími: 551 6010
Netfang: postur@nlsh.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri NLSH
Kt. 260962 4349
Sími 696 3350
Netfang: gunnar@nlsh.is

Tengiliður umsóknar: Guðmundur Guðnason
SPITAL ehf.
Sími: 665 6086
Netfang: gudmundur.gudnason@efla.is

Umrædd svæði eru norðan við Vatnsmýrarveg norðan við Umferðarmiðstöð - BSÍ

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan lóðar Landspítalans við uppbyggingu á fyrsta áfanga að nýjum Landspítala lendir stór hluti núverandi bílastæða við Landspítalann og hús Háskóla Íslands innan framkvæmdasvæðisins. Á framkvæmdatíma er nauðsynlegt að tryggja aðgengi að spítalanum fyrir sjúklinga, gesti spítalans og starfsfólk, því er þörf á bráðabirgðabílastæðum bæði innan og utan lóðar Landspítalans. Áætlað er að framkvæmdir við spítalann hefjist í júní 2018. Frá þeim tíma og fram til lok árs 2021 er áætlað að þörf sé á bráðabirgðabílastæðum utan lóðar spítalans. Í töflu 1 hér að neðan er yfirlit yfir svæðin sem sótt er um undir bráðabílastæði og tímabil hvers svæðis. Í fylgigögnum eru teikningar af þessum svæðum og hvernig áætlað er að ganga frá yfirborði þeirra og umhverfinu á notkunartíma.

Tafla 1 Bráðabirgðabílastæði, þörf á framkvæmdatíma

Svæði	Fjöldi bráðabirgða-bílastæða	Tímabil
BSÍ (vestari reitur)	150	ágúst 2018 til desember 2021
BSÍ (austari reitur)	87	maí 2018 til desember 2021

1.1 Meðfylgjandi gögn

Teikningar:


Teikn.nr.	Heiti teikningar	Mkv. (A1)	Skýringar
NLSH-001	Bílastæði	1:200	Plan teikning, bílastæði á norðvesturhluta BSÍ-reit
NLSH-002	Bílastæði	1:200	Plan teikning, bílastæði á norðausturhluta BSÍ-reit
NLSH-004	Bílastæði	1:10, 1:20, 1:50	Snið og deili
NLSH09 - U10-0006	Áfangaskipting. Framkvæmdaáfangi 1a	1:1000	Merkingar á framkvæmdatíma
NLSH09 - U10-0008	Áfangaskipting. Framkvæmdaáfangi 1a	1:1000	Merkingar á framkvæmdatíma
NLSH03-A180X-00	Nýr Landspítali við Hringbraut	1:2000	Deiliskipulag, uppdráttur

1.2 Stutt yfirlit yfir svæði vegna bráðabirgðabílastæða

1.2.1 Svæði við Vatnsmýrarveg, norðan við BSÍ

Gert er ráð fyrir malbikuðum bráðabirgðabílastæðum á svæðum norðan við Umferðarmiðstöð – BSÍ. Bílastæðin verða aðlöguð að núverandi landi með sem minnstu raski á landinu. Vegna nálægðar framkvæmdasvæðis við Umferðarmiðstöð – BSÍ er töluverð umferð rútbifreiða til/frá BSÍ sem og almenn umferð. Framkvæmdum verður hagað þannig að sem minnst truflun verði á umferðinni um svæðið og aðgangur gangandi fólks til/frá BSÍ verður einnig tryggður á meðan framkvæmdum stendur. Við gerð bílastæðanna verður ekki þörf á að loka götum eða gangstéttum. Lokið verður við gerð bílastæða á eystri reitnum áður en núverandi bílastæði á vestari reitnum fara undir framkvæmdasvæði. Því mun ekki verða skering á fjölda bílastæða á svæðinu á meðan unnið er að gerð bráðabirgðabílastæða.

Samanlagður fjöldi stæða er um 237, 150 stæði á vestari reit og 87 stæði á eystri reit.



Mynd 1. Loftmynd af svæðinu við Vatnsmýrarveg



Mynd 2. Núverandi svæði þar sem vestari bráðabirgðabílastæði við Vatnsmýrarveg verður staðsett



Mynd 3. Núverandi svæði þar sem austari bráðabirgðabílastæði við Vatnsmýrarveg verður staðsett

Öll aðstöðusköpun, geymsla hvort sem er á efni eða tækjum og annað það sem kann að raska umhverfinu verður innan lóðar spítalans, þ.e. framkvæmdasvæðis NLSH. Allar skemmdir sem kunna að verða á landi vegna framkvæmda við bráðabirgðabílastæðin verður lagfært á kostnað Nýja Landspítalans.

Verkið innifelur jarðvinnu og yfirborðsfrágang við gerð bílastæðanna, lýsingu, rekstur og viðhald á framkvæmdatíma og aðgangsstýringu bílastæðanna. Í lok verks verður tryggt að frágangur á svæði norðan BSÍ verði skilað í sama horfi og við upphaf framkvæmda nema um annað verði samið við Reykjavíkurborg.

1.3 Stýring bílastæða

Aðgangstýring bílastæðanna á framkvæmdartíma verður bundin við gjaldskyldu til að tryggja gott aðgengi að bílastæðunum fyrir gesti og starfsmenn Landspítalans sem og almenna notendur. Engin hlið verða, heldur getur almenningur (þ.m.t. viðskiptavinir Landspítalans) lagt í bílastæðunum gegn gjaldi en gert er ráð fyrir að starfsmenn og nemendur við Landspítalann munu hafi aðgang að bílastæðakortum sem gilda í sömu bílastæði. Gjaldmælar verða því staðsettir við bílastæðin en lögð verður áhersla að hægt sé að greiða rafrænt t.d. með síma-appi. Samið verður við Bílastæðasjóð hvað varðar fyrirkomulag og eftirlit með þessum stæðum.


1.4 Fylgiskjöl

NLSH-001	Bílastæði	1:200	Plan teikning, bílastæði á norðvesturhluta BSÍ-reit
NLSH-002	Bílastæði	1:200	Plan teikning, bílastæði á norðausturhluta BSÍ-reit
NLSH-004	Bílastæði	1:10, 1:20, 1:50	Snið og deili
NLSH09 - U10-0006		1:1000	Áfangaskipting. Framkvæmdaáfangi 1a
NLSH09 - U10-0008		1:1000	Áfangaskipting. Framkvæmdaáfangi 1b
NLSH03-A180X-00	Nýr Landspítali við Hringbraut – Deiliskipulag, uppdráttur		

Í VINNSLU

STÍMPLREITUR

SPITAL



- + (0.0) mældar núv. hæðir
- + 0.0 nýjar hæðir
- lysing

Teikningin sýnir 150 bílastæði á norðvesturhluta reits BSÍ. Þessi bílastæði eru fyrir starfsmenn, notendur og gesti LSH á byggingatíma spítalans.




EFNI: **GRUNNMYND**
MÆLIKVARÐI: **1:200**
ÁFANGI: **1.ÁFANGI FORHÖNNUN**
DAGSETNING: **BÍLASTÆÐI**
TEIKNINGARNÚMÉR: **12 10 2017**
BREYTING: **NLSH-0001**
00



Í VINNSLU

STIMPILREITUR

SPITAL



+ (0.0) mældar núv. hæðir
+ 0.0 nýjar hæðir
● lýsing

Teikningin sýnir 87 bílastæði á norðausturhluta reits BSÍ. Þessi bílastæði eru fyrir starfsmenn, notendur og gesti LSH á byggingatím spítalans.








EFNI: GRUNNMYND
MÆLIKVARDI: 1:200
ÁFANGI: 1.ÁFANGI FORHÖNNUN
DAGSETNING: 12 10 2017
TEIKNINGARNÚMÉR: NLSH-0002
BREYTING: 00



Í VINNSLU


STIMPLREITUR

SPITAL



00
Breyting: Dags: Teikn:Yfirf:

NÝR LANDSPÍTALI VIÐ HRINGBRAUT



Þýttur: Öll skil máta af teikningum, aðrir málstærir stærðir eru í gátt. Framboðandið skil sendir þá af mál eða vélbúnaði.

EFNI: **SNÍÐ OG DEILI**

MÆLIKVARÐI: **1.ÁFANGI FORHÖNNUN**


ÁFANGI: **BÍLASTÆÐI**

DAGSETNING: **13 10 2017**

TEIKNINGARNÚMÉR: **NLSH 0004**

BREYTING: **00**

SPITAL



- SKÝRINGAR**
- Akstursleið
 - Gönguleið
 - Í vinnslu
 - Bráðabirgðabilast. í notkun
 - Gönguleið sem halda skal opinni á verk tíma
 - Ökuleið sem halda skal opinni á verk tíma
 - Skilti
 - Akbrautatólmi
 - Stefnuörvar umferðar
 - Inn- og útakstur verktaka
 - Flagglina
 - Varnargirðing, gerð 1
 - Varnargirðing, gerð 2
 - Varnargirðing, gerð 1 með hljóðvörn
 - Varnargirðing, gerð 2 með hljóðvörn

Breyting: Dags: Teikn: Yfir:

NÝR LANDSPÍTALI VIÐ HRINGBRAUT

EFNI: Áfangaskipting Framkvæmdaáfangi 1a


MÆLIKVARDI: 1:1000 / A1

ÁFANGI: Götur, veitur og lóð - Áfangi 1


DAGSETNING: 15.02.2018

TEIKNINGARNÚMÉR: NLSH09 - U10-0006

BREYTING:



SPITAL



SKÝRINGAR

- Akstursleið
- Gönguleið
- Í vinnslu
- Bráðabirgðabílast. í notkun
- Gönguleið sem halda skal opinni á verk tíma
- Ökuleið sem halda skal opinni á verk tíma
- Skilti
- Akbrautatólmi
- Stefnuörvar umferðar
- Inn- og útakstur verktaka
- Flagglina
- Varnargirðing, gerð 1
- Varnargirðing, gerð 2
- Varnargirðing, gerð 1 með hljóðvörn
- Varnargirðing, gerð 2 með hljóðvörn

Breyting: Dags: Teikn: Yfir:

NÝR LANDSPÍTALI VIÐ HRINGBRAUT

EFNI: Áfangaskipting Framkvæmdaáfangi 1b


MÆLIKVARDI: 1:1000 / A1

ÁFANGI: Götur, veitur og lóð - Áfangi 1

DAGSETNING: 15.02.2018



TEIKNINGARNÚMÉR: NLSH09 - U10-0008

BREYTING:




1: NÝR LANDSPÍTALI

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI




Tilgaga Reykjavíkurborgar að aðalskipulagsbreytingu án Holtsganga



DEILISKIPULAGSTILLAGA, 1:2000



LANDSPÍTALALÖÐ - SKIPULAG, sp. 24.1.1976. br. 14.4. 1999 m.s.br. mun falla úr gildi við gildistöku þessa deiliskipulags.



Færsla Hringbrautar sp. 4.4. 2006. mun falla úr gildi að hluta við gildistöku þessa deiliskipulags.

- AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐIS
- LÓÐAMÖRK
- NÚVERANDI BYGGÐ
- BYGGINGAREITUR
- BUNDIN BYGGINGARLÍNA
- TENGIBRÚ
- TENGINGANGAR OG NEDANJARÐARMANNVIRKI
- STADSETNING LEIÐBEINANDI MEÐ FYRIRVARA UM LAGNALEIÐIR
- FJARLÆGDAR BYGGINGAR
- ÞYRLUPALLUR
- HV HVERFISVERND
- F FRIDUÐ BYGGING
- P BÍLGEYMSLA / BÍLASTÆÐI
- HJ REIÐHJÓLAGEYMSLA
- L LEIKSVÆÐI
- O₂ SÚREFNISGEYMR
- ▶ MEGIN INNGANGAR
- ▶ MEGIN AÐKOMUR
- STOFNSTÍGUR
- TENGISTÍGUR
- 21-36 NR. NÝBYGGINGA
- LÖÐ UM 13,9 ha
- K. 66.## GÓLFKÓTI AÐKOMU

Útdráttur úr greinargerð og skilmálum, sjá nánar í hefti. Aðdragandi og forsga
 Landspítali var stofnaður árið 2000 með sameiningu tveggja sjúkrahúsa í Reykjavík. Hann rekur nú starfsemi sína á sautján stöðum í Reykjavík, en meginþungi starfseminnar er í Fossvogi og við Hringbraut. Ætíunin er að sameina alla starfsemi á Landspítalalöðinni við Hringbraut, þar sem byggð verði upp samofin starfsemi sjúkrahúss, kennslu- og rannsóknaraðstöðu í heilbrigðisvísindum og sjúkdómum dýra.

Áherslubreyting í lækningum og starfsemi hefur verið sú að draga úr innlögnum og leggja ríkar áherslu á dag- og gönguæildir og sjúkráhetil. Sjúklingum sem leggjast inn færkar og þeir sem þar eru, eru veikari og eldri en áður. Þetta kallar á nýtt og breytt húsnæði.

Heiti verkefnisins er Nýr Landspítali, NLSH.

Randbyggð á sérlið er syðst á skipulagssvæðinu norðan Hringbrautar.

Markmið

- Að með uppbyggingu Landspítala við Hringbraut sé stuðlað að aukinni hagkvæmni í rekstri með heildstærri, umhverfisvænni lausn í skipulagi, til framtíðar.
- Að skapa aðlaðandi umhverfi þar sem þarfir sjúklinga og starfsfólks eru í fyrirrúmi.
- Að samþætting Landspítala og Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands skapi bestu skilyrði fyrir þverfaglegt samstarf, sem skili framfarum, árangri og nýsköpun í lækningum og heilbrigðisvísindum.
- Að skipulag, nýbyggingar og starfsemi Landspítalans falli vel að umhverfinu og styrki borgarmyndina með mótun bæjarjónis. Áhersla verði lögð á vistleg góturými, torg og garða sem afmarkast af byggingum og tengjast inn á gatnakerfi borgarinnar.

• Að byggja samkvæmt reitaskiptingu sem gefur kost á einfaldri áfangaskiptingu og að byggingarmagn geti breyst án þess að skipulagshugmynd sé raskað

• Að fyrirhuguð uppbygging fylgi samgöngustefnu Reykjavíkur þar sem dregið er úr þórf einkabílsins.

• Að byggð á Landspítalalöð verði í sátt við umhverfið og allar nýbyggingar verði vottaðar samkvæmt alþjóðlegum BREEAM staðli.

Stefna í svæðis- og aðalskipulagi
 Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2021-2024 er fjallað um að umfang flugvallarstarfsemi dragist saman í áföngum og eru sýndir uppbyggingarmöguleikar á einstökum svæðum og talið að uppbygging á þeim svæðum sé hagkvæm, m.a. aukin uppbygging á Landspítalalöð.

Landnotkun deiliskipulagssvæðisins í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er Svæði fyrir þjónustustofnanir. Aðlægt svæði til vesturs og suðurs tilheyrir Vatnsmyri og eru skilgreind sem M5 svæði þar sem m.a. er gert ráð fyrir hátækni- og þekkingarvirkjum, rannsóknarstarfsemi og þjónustu tengdri slíkrri starfsemi. Talið er að framtíðaruppbygging Landspítala við Hringbraut styrki Vatnsmyrina sem þróunarsvæði.

Skipulagsleg staða svæðis
 Lega skipulagssvæðisins er hagstæð með tilliti til tengsla við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Íslenska erfðageirningu, Vísindagarða við Háskóla Íslands og miðbæ Reykjavíkur.

Með staðfestingu nýs deiliskipulags, sem hér er sett fram tilgaga að, fellur úr gildi deiliskipulag Landspítalalóðar frá 1976 með síðari breytingum. Einnig er gerð breyting á deiliskipulagi Hringbrautar frá 2006.

Samhlöða deiliskipulagstillögunni er gerð tilgaga að breytingu á núgildandi svæðisskipulagi og aðalskipulagi þar sem Holtsgöngu er felld niður, byggingarmagn aukin og stofnstígur færður.

Tölulegar upplýsingar

Nr.	Núverandi byggð	Heildarstærð m²	Hæðafjöldi
1	Aðalbygging	26.904	4 hæðir
2	Kvenna- og barnadeild	14.013	4 hæðir
3	Gæðeild	7.565	3 hæðir
6 og 7	Rannsóknarstofur	835	1 hæð
8	Rannsóknarstofur	978	3 hæðir
9	Bliðubankinn	651	2 hæðir
10	Ketilhús	1.776	2 hæðir
12	Umönun lóðar	187	1 hæð
13	Eldhúsbýgging	4.151	3 hæðir
14	Rannsóknarstofur	606	1 hæð
11	Gamli Kennarasíðinn	801	2 hæðir
16	Hjúkrunarskóli, bókasafn (Eirberg)	4.203	3 hæðir
17	Læknaáæður	10.940	4 hæðir
Samtals		73.610	

Byggingarmagn án bilageymsla	Fyrsti áfangi	Heildarstærð m²
Núverandi byggð	73.610	73.610
Ný byggð	97.550	151.650
Rif	-1.441	-3.941
Samtals	169.719	221.319

Nr. reit	Ný byggð	Fyrsti áf.	Síðari áf.	Heildarstærð m²	Hæðafjöldi
20	Víðbót við K-byggingu	750		750	2 hæðir
21	Meðferðarkjarni / legudeildir	58.500	10.000	68.500	4-6 hæðir
22	Rannsóknarhúsið / Háskóli Íslands / Keldur	14.000	4.500	18.500	5 hæðir
23	Háskóli Íslands / Keldur	10.000	4.000	14.000	5 hæðir
24	Sjúkrahúsið	4.300	2.500	6.800	3-4 hæðir
25	Vörumottaka / sörpumstöð/eldh. viðbygg.	3.000	3.000	3.000	2-3 hæðir
26	Tengingangar (neðanjarðar)	1.900	600	2.500	
27	Tengingangar (neðanjarðar)	850		850	
28	Tengingangar (neðanjarðar)		20.000	20.000	5 hæðir
29	Háskóli Íslands / sjúkráhus		11.000	11.000	4 hæðir
30	Tekniými í bilageymslu vestur	1.500		1.500	
30a	Atvinnuhúsið vestan bilageymslu	2.750		2.750	4-5 hæðir
31	Tekniými í bilageymslu austur	1.500		1.500	
Samtals	97.550	54.100		151.650	

Byggingarmagn með bilageymslu	Fyrsti áfangi	Heildarstærð m²
Núverandi byggð	73.610	73.610
Ný byggð	97.550	151.650
Bilageymslu ofan jarðar	14.000	19.500
Niðurrif	-1.441	-3.941
Samtals	183.719	240.819

Bilageymslu	Neðan jarðar	Ofan jarðar	Heildarstærð m²	Hæðafjöldi leiðb.	
30	Bilag. vestur – fyrsti áfangi	8.900	14.000	22.900	4-5 hæðir
31	Bilag. austur – síðari áfangar	10.000	5.500	15.500	2-3 hæðir
35	Bilag. sunnan Gæð. (neðan.)	15.000		15.000	
Samtals	33.900	19.500	53.400		

Lóðarstærð Landspítala: 13,9 ha
 Byggingarmagn án bilageymsla: 221.319
 Nýtingarhlutfall án bilageymsla: 1,59
 Byggingarmagn með bilageymslu ofan jarðar: 240.819
 Nýtingarhlutfall með bilageymslu ofan jarðar: 1,73
 Byggingarmagn 1. áfangi (án bilageymslu neðanjarðar): Nýtingarhlutfall 1,22.
 Bilastæði, fyrsti áfangi: 1600 stæði fyrir 169.719 m² - 1 stæði á hverja 106 m²
 Bilastæði, heildaruppbygging: 2000 stæði fyrir 221.319 m² - 1 stæði á hverja 111 m²

Nr. reits	Ný byggð	Fyrsti áf.	Hæðafjöldi leiðb.
32	Randbyggð – Grástaða	4.500	3 hæðir
33	Randbyggð – Grástaða	7.000	3 hæðir
34	Randbyggð – Grástaða	3.500	3 hæðir
Samtals	15.000		

Lóðarstærð við randbyggð, byggingar merktar 32, 33 og 34: 0,9 ha
 Byggingarmagn án bilakjallara: 15.000m²
 Nýtingarhlutfall án bilakjallara: 1,67
 Byggingarmagn með bilakjallara: 19,000m²
 Nýtingarhlutfall með bilakjallara: 2,11
 Bilastæði fyrir randbyggð: 38 stæði ofanjarðar og 112 stæði neðanjarðar – alls 150 stæði. 1 stæði á hverja 100 m².



Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðna þann 27.10.2015

NÝR LANDSPÍTALI VIÐ HRINGBRAUT

00 Ný teikning 230607 NN nn
 Breyting: Dags: Telkn: Yfir:

EFNI: **TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI 1:2000**
 LAGF. 03.12.2012
 LAGF. JÚNÍ 2012
 UPFF. 26.03.2012
08.03.2012

DAGSETNING: **08.03.2012**
 TEIKNINGARNÚMÉR: **NLSH03-A180X-00**
 BREYTING: **00**